

Fiskeldisfréttir

Stefnumótun Landssambands fiskeldisstöðva

Þann 16. nóvember kynnti Landssamband fiskeldisstöðva skýrsluna: „Staða fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun rannsókn- og þróunarstarfs 2010 - 2013“. Í skýrslunni kemur m.a. fram:

- Árið 2008 nam framleiðslan um 5.000 tonn og áætlað er að framleiðslan verði svipuð árið 2009 og þar af um 3.000 tonn í bleikjueldi. Á næstu árum verður aukning og spáin er rúm 10.000 tonn árið 2015 og er þá miðað við hugsanlega áform þeirra fyrirtækja sem nú eru í rekstri.
- Á árinu 2009 er unnið að rúmlega 40 R&D verkefnum mest innan þorsk- og bleikjueldis. Fest þessara verkefna eru styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi.
- Lagt er til að byrjað verði á um 20 nýjum verkefnum sem unnið verði að á árunum 2010-2013 en flest þessara verkefna eru innan bleikjueldis.
- Sameiginleg viðfangsefni fyrir allar eldistegundir er efling á sjúkdómaeftirliti, þjónustumælingum og bæta aðstöðu til sjúkdómarannsókna. Jafnframt er talið mikilvægt að safna saman á einn stað jákvæðum upplýsingum um íslenskt fiskeldi sem getur nýst við markaðssetningu eldisafurða. Einnig þarf að sýna fram á heilnæmi eldisafurða m.a. með reglulegum mælingum á þungmálum og þrávirkum lífrænum efnum eins og gert er fyrir villtan fisk.

Slóðin: <http://lfh.is/documents/vefutgafaLoka.pdf>

Norræn bleikjueldisráðstefna

Dagana 13.-14. október var haldinn samnorræn bleikjueldisráðstefna. Haldin voru 14 erindi um ýmiss málefni er tengjast bleikjueldi. Nú er hægt að sækja öll



Frá kynningu Landssambands fiskeldisstöðva á stefnumótunar-skýrslu.

Ný og endurbætt vefsíða kræklingaræktenda,
www.skelraekt.is

erindi á vefsíðu ráðstefnunnar. Best er að fara inn á á vef Landssambands fiskeldisstöðva (www.lf.is) en slóðin er á frétt þann 9. nóvember.

Stefnumótun í bláskeljarækt

Kræklingaræktendur hafa nýlega gefið frá sér skýrsluna; Stefnumótun í bláskeljarækt á Íslandi 2009-2015 - Stöðulýsing og samantekt stefnumótunarvinnu. Í skýrslunni kemur m.a. fram:

- Skelrækt á Íslandi er ung atvinnugrein og spanna framleiðendur í dag vítt svið hvað reynslu, fjárhagslegan- og markaðslegan styrk varðar.
- Talsverð þekking hefur safnast varðandi ferlið frá lirlfusöfnun að dreifingu afurða og margt af þessu hafa íslenskir skelræktendur náð að tileinka sér með góðum árangri. Flöskuhálsinn liggur á milli lirlfusöfnunar og áframræktunar. Þar þarf að auka þekkingu og reynslu.
- Árið 2009 hafa 17 fyrirtæki hafið ræktun á bláskel hérlandis og fjöldi ræktunarlína í sjó er samtals 175 stk.
- Sé rétt haldið á spilum hvað varðar uppbyggingu bláskeljaræktar á Íslandi, gæti þessi atvinnugrein framleitt allt að 1.500 tonn m.v. 30% nýtingu/ framlegð á sokkuðum línunum á næstu þrem til fjórum árum.
- Áætlað er að árleg framleiðsla verði orðin 6.000 tonn árið 2015 og að þá skapi atvinnugreinin allt að 175 ársverk í framleiðslu og fullvinnslu afurða og árlegar útflutningstekjur verði 2 milljarðar.

Slóð: http://www.skelraekt.is/static/files/Stefnumotun_blaskel_18nov2009.pdf



Einn af vinnuhópunum á þorskeldiskvótafundinum. Frá vinstri Ketill, Sigurvin Ingólfur og Kristján.

Þorskeldiskvótafundur Hafrannsóknastofnunar

Dagana 16.-17. nóvember var haldinn fundur í þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar. Fundurnn var haldinn hjá Hafrannsóknastofnun í Reykjavík. Um morguninn 16. nóvember voru kynnt rannsóknaverkefni og þar á eftir kynnti Landsamband fiskeldisstöðva skýrsluna „Staða fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun rannsókn- og þróunarstarfs 2010 - 2013“. Eftir hádegi var kynntur tækjabúnaður og þar á eftir hófst þorskeldiskvótafundurinn. Á þorskeldiskvótafundinum mættu rúmlega 20 manns en fleiri þátttakendur voru á kynningunum. Hluti af erindum er að finna á slóðinni: www.sjavarutvegur.is/thorskeldi/fundir/2009b.htm

Vefsíða fyrir þorskeldi

Markmið með vefnum er að miðla upplýsingum um þorskeldi. Þessi vefur er hluti af Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar og verður hér að finna allar upplýsingar sem tengjast því verkefni, skýrslur, erindi og myndir frá þorskeldiskvótafundum. Þessi vefur var upphaflega www.thorskeldi.is sem var lagnður niður í byrjun ársins og færður yfir á www.sjavarutvegur.is Megin áhersla er lögð á matfiskeldi á þorski og miðla upplýsingum til þeirra sem stunda fongun og áframeldi á þorski í sjókvíum. Einnig er að finna ýmsar aðrar upplýsingar s.s. tengingar við aðrar áhugaverðar vefsíður um þorskeldi bæði innlendrar og erlendar. Á vefsíðunni er einnig að finna fréttir er tengjast þorskeldi.



Vefsíða þorskeldiskvótaverkefnisins, www.sjavarutvegur.is/thorskeldi/index.htm

Þorskeldisráðstefna í Noregi

Norðmenn halda á hverju ári þorskeldisráðstefnu og verður hún nú haldin 10.-11. febrúar í Bodø. Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um seiða-framleiðslu sjávarfiska, heil-brigðismál, umræðu fjölmiðla um þorskeldi, erfðir og kyn-þroska, afurðir og markaðs-setningu á þorski o.fl.




Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma

Frá því Gísli Jónsson tók við embætti dýralæknis fisksjúkdóma fyrir um 20 árum síðan hefur hann árlega gefið út ágætar skýrslur sem gefa gott yfirlit yfir þróun fiskeldis á Íslandi. Þessar skýrslur gefa ekki aðeins yfirlit yfir fisksjúkdóma heldur margt annað er við kemur fiskeldi. Hér er að öllum líkindum um að ræða bestu samfeldu heimild um þróun fiskeldis á Íslandi síðustu 20 ár sem margir úr opingera geiranum geta tekið til fyrirmyndar. Því miður virðist ársskýrsla ársins 2008 hafa lent á milli veggja og er ekki að finna á vefnum. Hér að neðan er að finna inngang úr skýrslunni:

„Árið 2008 var mikið umbrotaár í íslensku fiskeldi, reyndar eins og í Þjóðfélaginu öllu. Áherslur innan greinarinnar tóku töluverðum breytingum sem sérstaklega hefur bitnað á eldi jadartegunda og ýmis konar þróunarvinnu. Í upphafi árs lagðist allt sæeyrnaeldi af, í ágúst var síðustu risarækjunni slátrað úr eldistjörnum á vegum Orkuveitunnar og í október var hlýraeldi hætt sem Síldarvinnslan hafði staðið að og þróað síðan 2001. Snarlega hefur dregið úr eldi lax til slátrunar síðan 2006 en á móti kemur mikill kraftur í bleikjueldi. Þá hefur ákveðinn afturkippur komið í þorskeldi sem rekja má til sölutregðu á mörkuðum ásamt áþreifanlegum skorti á seiðum til áframeldis“.

„Alls voru um 45 fiskeldisstöðvar starfræktar á liðnu ári og fór dýralæknir fisksjúkdóma í 87 vitjanir í þessi fyrirtæki á árinu. Almennt var heilbrigði eldisdýra í góðum farvegi árið 2008. Líkt og undanfarin ár lék nýrnaveiki stórt hlutverk við eftirlit og vöktun og hefur tekist að vinna bug á sjúkdómnum innan eldisstöðva, en engin klínísk einkenni hafa komið upp í eldisstöð síðan í mars 2007. Enn er þó hátt hlutfall villtra laxfiska með dulið smit allt í kringum landið og var metiðni smits greind við hrognatöku á liðnu hausti. Í skjóli einstakrar sjúkdómastöðu, ekki síst er varðar alvarlegar veirusýkingar, varð töluverð aukning í útflutningi hrognna vídsvegar um heiminn. Þá var einnig liflegur útflutningur lifandi laxa- og lúðuseiða til Noregs og í hópinn bættist svo útflutningur sandhverfuseiða til Kína í lok ársins. Nánar er gerð grein fyrir útflutningi eldisafurða undir liðnum „útgáfa heilbrigðisvottorða“ á blaðsíðu 15 hér að aftan“.

Lyfjanotkun gegn smitsjúkdómum í fiskeldi 1990 - 2008



Mynd úr ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma.

„Eins og áður segir hefur orðið mikill samdráttur í framleiðslu á eldisfiski til slátrunar sl. tvö ár. Helsta skýring er sú að laxeldi í kvíum lagðist nánast af, en á móti kemur að framleiðsla á bleikju hefur aukist jafnt og þétt á sama tíma. Aðrar tegundir eru á svipuðu róli og árið á undan. Alls var slátrað um 5.079 tonnnum af eldisfiski árið 2008, auk smá slatta af bæði skelfiski og risarækju”.

Gísl Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma gefur einnig stutt yfirlit yfir einstaka sjúkdóma og þar kemur m.a. fram um kýlaveikibróður og nýrnaveiki.

„Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*) kom þó nokkuð við sögu í þorsk-, bleikju- og laxeldi. Nýsmit var staðfest í sjó tilfellum; þrjú tilfelli í áframeldisþorski í sjókvíum, tvö í áframeldi bleikju í strandeldi (milliselta), eitt í áframeldi lax í strandeldi (milliselta) og eitt í verðandi klaklaxi í strandeldi. Þorskurinn var ávallt óbólusettur en laxinn og bleikjan er bólusett. Enn hefur ekki tekist að þróa fullgott bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en þörfin er aðkallandi. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið”.

„Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*), sem einungis smítar laxfiska, kom hvergi upp sem nýsmit í fiskeldisstöð árið 2008. Dulið smit fannst hins vegar í meirifjölda laxahrygna úr laxveiðiám allt í kringum landið á liðnu ári og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Þá varð einnig vart klínískra einkenna í fjölda laxa úr a.m.k. tveimur ám. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfíð viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota eldisstöðva á liðnum áratugum”.

Eldri ársskýrslur dýralæknis fisksjúkdóma eru að finna á slóðinni: www.mast.is/utgafa/arsskyrslur

Velferð fiska

Út í þeim stóra heimi hefur velferð fiska verið ofarlega á baugi. Til að fá styrki úr opinberum sjóðum hafa menn oft þurft að tengja sín rannsóknaverkefni velferð fiska. Hér á landi hefur umræða um velferð fiska fengið litla athygli á meðan erlendir vísindamenn rökraða um það hvort fiskur geti þjádst. Sumstaðar hefur fiskurinn fengið að njóta vafans og reglugerðar-smiðir hafa sett strangar reglur um meðhöndlun á fiskinum. Í nýrri skýrslu sem gefin er út af Hafrannsóknastofnun og tekur fyrir föngun á þorski til áframeldis er m.a. fjallað um velferð fiska, bæði í eldi og einnig hjá villtum fiski. Í skýrslunni er vitnað í vísindagreinar og þar kemur m.a. fram: „Maðurinn getur haft áhrif á velferð fiska við veiðar, fiskeldi, sportveiði, vísindatilraunir og geymslu í fiskabúri.

Það eru fleiri en maðurinn sem hafa áhrif á velferð fiska því í náttúrunni verður fiskur fyrir fjandsamlegum náttúrulegum aðstæðum af völdum afræningja, stærri fiska sömu tegundar, sjúkdómsvalda og neikvæðra umhverfispáttá. Fæða getur verið takmörkuð og valdið sulti og jafnvel dauða. Ekki er talið ásættanlegt að bjóða fiski í eldi upp á slíkar aðstæður”. E.t.v. hefur fiskurinn það best í vernduðu umhverfi í eldi. Sjómenn á Vali ÍS 20 hafa verið duglegir að taka myndir af sködduðum villtum þorski sem þeir hafa verið að fanga í Ísfjarðardjúpi undanfari ár og hér að neðan er að finna tvær þeirra.

Skýrsluna er að finna á slóðinni:

www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-148.pdf



Þessar myndir eru teknar um borð í Vali ÍS 20 af Haraldi Konráðssyni sem fangar þorsk til áframeldis fyrir Hraðfrysti-húsið - Gunnvöru hf. Fiskurinn var fangaður í rækjuvörpu og var lifandi þegar hann vera tekinn um borð, en drepinn til að koma í veg fyrir að hann myndi líða víðskvalir í eldinu.